

Skólaráðsfundur 17. mars 2011 kl. 14:30

Fundinn sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Lilja Karlsdóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir fulltrúar kennara, Sigríður Kragh, fulltrúi starfsmanna, Daníela Pálsdóttir og Vésteinn Örn Pétursson, fulltrúar nemenda, Anna Linda Pétursdóttir, Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snædal Logadóttir, fulltrúar foreldra.

Fundarefni: Vegvísir

Önnur mál

Byrjað á því að ræða það hve ánægjulegt það sé að tekist hafi að koma kór til starfa á ný við skólann.

Vegvísir: Rætt um þau gögn sem skólastjóri fer með á næsta fund skólafundar, 5. apríl og skólaráð hefur fjallað um á sínum fundum, en það er Vegvísir sem er útfærsla skólans á endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar. Skólastjórnendur ákváðu að velja flokkana læsi og lestrarnám, fjölbreyttar námsmatsaðferðir og heilbrigð samskipti til að kynna sérstaklega.

Rætt um einstaka þætti greinargerðarinnar, foreldrasamstarf og tillögur Guðrúnar Birnu um að settar verði inn breytingartillögur um vindahópa. Þar verði sett inn, að heimili haldi a.m.k. 1x vindahóp á ári, til að stoppa ekki af þá bekkir sem þegar eru með vindahópa 2x á ári. Rætt um mikilvægi vindahópa og hversu skemmtilegir þeir séu, en jafnframt hve erfitt sé að halda þeim gangandi vegna mismikillar virkni foreldra.

Ræddar hugmyndir að foreldrasamstarfi í anda þess sem kom fram á fræðslufundi Nönnu Kristínar Christiansen og sem skýrð eru í bókinni Skólaforeldrar. Rætt um að gaman væri að koma á fót verkefni þar sem nemendur og foreldrar vinna saman að kynningu fyrir bekkinn um áhugamál, atvinnu foreldra, eða hvað sem foreldri og barni dettur í hug að kynna. Nemendur héldu að þetta myndi henta vel í yngri bekkjum, en höfðu einhverjar efasemdir um að þetta gæti gengið hjá eldri nemendum. Rætt um að það gæti samt verið jákvætt að reyna þetta.

Ákveðið að stefna að því að fundir skólaráðs verði a.m.k. 6 næsta skólaár.

Rætt um hvernig best sé að setja fram markmið varðandi einelti. Aðalatriðið sé að skráningar á grun/staðfestingu um einelti séu 100 % og að eineltisáætlun sé virk. Í tengslum við var það rætt um mikilvægi þess að ávallt sé til staðar starfsmaður í búningsklefum í íþróttum, sérstaklega í yngstu bekkjunum.

Skólastjóri ræðir um skýrsluna og talar um að taka eigi síðar upp fleiri atriði og að það standi til að setja fleiri markmið upp í sundurgreindara form, setja upp skorkort og uppfæra þetta árlega.

Önnur mál:

Nemendur koma á framfæri óskum nemenda um að skólinn standi fyrir skíðaferð fyrir 7. bekk, en mikill áhugi er í bekkjunum fyrir því. Nemendur nefna því til stuðnings að Sjólandsskóli fari með alla sína nemendur í skíðaferðalag. Heilmiklar umræður um þetta og skiptar skoðanir.

Rætt um Pisa könnun, en Garðabær kom mjög vel út úr síðustu Pisa könnun. Foreldrar eru ánægðir með mikinn metnað Hofsstaðaskóla fyrir hönd nemenda sinna. Foreldrar ánægðir með að það sé opinbert markmið Hofsstaðaskóla að það sé heimavinna og nefna að það sé gott fyrir foreldra þegar þeir velja skóla að vera vel upplýstir um stefnu skólans.

Á næsta fundi sitja nýkosnir fulltrúar nemenda sinn fyrsta fund ásamt núverandi fulltrúum og þá er stefnt að því að bjóða upp á hressingu.

Fleira ekki tekið fyrir

Bergljót Vilhjálmsdóttir.